

Blóðið rennur á meðan málin eru rædd

Greinin birtist í Morgunblaðinu 10.01.2009

Blóðið rennur. Hinum almenna borgara er nóg boðið en stjórnvöld spjalla. Allt snýst um diplómátísku leiðina til að fá Ísraelsstjórn til að gera hlé á drápum svo hægt sé að koma slösuðum til hjálpar. Svo langt nær það.

Formanni utanríkismálanefndar Alþingis, Bjarna Benediktssyni, finnst rétt að þingmenn fái tækifæri til að viðra viðhorf sín í pontu áður en stjórnvöld taki afstöðu. Til hvers að halda úti utanríkismálanefnd?

Og hvar liggur valdsvið utanríkisráðherra sem eins og veðurhafi hefur sent frá sér ýmsar yfirlýsingar um málið, svo misvísandi að það er eins og að ráða myndagátu að reyna að finna hvað hún meinar í raun. Eitt er hins vegar ljóst að hún fór ekki að tilmælum sem friðarsinnar beindu til hennar þegar þetta miskunnarlausa stríð hófst rétt fyrir áramót. Þá hafði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tækifæri til að sýna að ísraelskar og palestínskar friðarkonur sem gerðu hana að heiðursfélaga í samtökum sínum í byrjun árs 2008 hefðu veðjað á réttan hest. Því varla hugsuðu þær þetta bara sem hverja aðra skrautfjöður? Öryggisráði SP tókst loksins að samþykkja ályktun. Þar er tafarlaus og varanlegs vopnahlés krafist og farið fram á að Ísrael dragi her sinn frá Gaza. Bandaríkin, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna en beitti ekki neitunarvaldi. Hins vegar hafa Ísraelar áratuga reynslu af því að komast upp með að hunsa ályktanir Sameinuðu þjóðanna og virðast ætla að halda uppteknum hætti því fáum klukkustundum eftir samþykkt ályktunarinnar vörpuðu Ísraelar sprengjum yfir Gazaströndina og ísraelski herinn undirbjó stórskotaliðsárás á Gaza. Þegar þetta er skrifað liggja hátt í 770 Palestínnumenn í valnum (tölur hækkar því miður stöðugt). Nær helmingur fallinna eru óbreyttir borgarar, þ.a. 257 börn og 11 Ísraelar hafa fallið, að hluta til fyrir eigin vopnum. Hryllingssögur eins og að Ísraelsher hafi neytt um 110 Palestínnumenn inn í hús í Zeitunhverfi og sólarhring síðar varpað á það sprengjum svo 30 manns fórust er bara ein af mörgum. Myndir sem settar hafa verið á netið af limlestum börnum eru ekki fyrir viðkvæmar sálir. Og áfram rennur blóðið. Sjúkrahúsinn geta engan veginn sinnt þeim slösuðu sem þangað komast – þar vantar allt, þau eru yfirfull og það er skortur á lyfjum, blóði og öðrum nauðsynjum til að bjarga lífi hinna helsærðu. Miskunnarlaust er komið í veg fyrir allar tilraunir mannúðar- og friðarsamtaka til að koma neyðaraðstoð til Gazastrandar.

Ísraelsmenn hafa réttlætt fjöldamorðin með vísan til þess að stemma þurfi stigu við hryðjuverkum. Kannski ætti ekki að gera lítið úr þeirri ógn, sem almennum borgurum í næsta nágrenni Gaza stafar af heimagerðum flugskeytum örvæntingarfullra

Palestínumanna, en samanburður á tölum fallinna Palestínumanna og Ísraels s.l. átta ár ber vitni um að stórtækustu hryðjuverkamennina sé að finna innan Ísraelshers.

Er árás Ísraelshers á Gaza innanríkismál Ísraels? Nei - því Gazaströndin hefur aldrei verið viðurkennd sem partur af Ísrael. Er það okkar að taka afstöðu annars vegar til Ísraelsstjórnar og hins vegar til stjórnar Hamas á Gaza? Nei - því báðum megin eru lýðræðislega kjömir fulltrúar.

Það er auðvelt fyrir Íslendinga að tala sem þjóð friðar og leika friðar-eitthvað á rólegheitatímum en það kallar á dug þegar á reynir. Ísraelsstjórn verður að fara að alþjóðalögum, virða samþykktir Sameinuðu þjóðanna og hætta þegar í stað öllum árásum á palestínska íbúa herteknu svæðanna. Friður er spurning um vilja. Íslensk stjórnvöld hafa ekki val - þau verða að gera Ísraelsstjórn ljóst að árásarstefna þeirra og fjöldamorð á Gaza séu komin á það stig að slíta verði samskiptum við Ísraelsríki.

María Sigríður Gunnarsdóttir